



Alþingi
Erindi nr. P 139/841
komudagur 9.12.2010

Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri 9. desember 2010.


Efni: umsögn um frumvarp til laga um virðisaukaskatt (rafræn þjónusta, bætt skil og eftirlit o.fl.), 208. mál, þskj. 227, 139. lp.

Með tölvubréfi dags. 2. desember óskaði efnahags- og skattanefnd eftir umsögn Jafnréttisstofu um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt (rafræn þjónusta sala og eftirlit vegna áætlana, 208. mál, þskj. 227, lp. 139. Þess var óskað að umsagnir bærust fyrir 21. desember. Með tölvubréfi dags. 8. desember var umsagnarfresti breytt og þess óskað að umsagnir bærust ekki síðar en kl. 12:00 10. desember.

Jafnréttisstofa ekki tók á að fara ítarlega í saumana á þeim tillögum sem koma fram í frumvarpinu innan þess tímaramma sem gefinn var. Jafnréttisstofu bendir á það almennt að löggjafarvaldið hafi það alltaf í huga við alla lagasetningu að skoða hvort fyrirhuguð löggjöf komi við konur og karla með ólíkum hætti. Sjónarmið um jafnrétti kynjanna þurfa alltaf að vera með þegar ákvarðanir um tilhögun mála í skattkerfinu eru teknar, eins og endranær.

Jafnréttisstofa sér ekki í fljótu bragði að þær breytingar sem fyrirhugaðar eru á lögum um virðisaukaskatt með því frumvarpi sem hér er til umsagnar snerti konur og karla með ólíkum hætti og gerir því ekki frekari athugsamedir en þær almennu sem eru tilgreindar hér fyrir ofan.

Virðingarfyllt
f.h. Jafnréttisstofu


Ingibjörg Elíasdóttir lögfræðingur